

36. gr.

Hverja þá skipun, sem samkvæmt reglugerð þessari má gefa skipi, skal gefa stýrimanni, ef skipstjóri er ekki á skipi og eigi heldur umboðsmaður hans, samkvæmt 16. gr. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt, sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

37. gr.

Allir þeir, sem æskja afgreiðslu fyrir skip, láns á tækjum eða aðstoðar á einn eða annan hátt hjá höfninni, skulu snúa sér beint til skrifstofu hafnarinnar með beiðni þar að lútandi.

Heimilt er hafnarstjóra að neita þeim aðilum um aðstoð eða afgreiðslu, sem eru í vanskilum með gjöld til hafnarinnar eða eru brotlegir við reglugerð þessa.

38. gr.

Sérhver skipstjóri, sem kemur við á höfninni á skipi sínu, á sjálfur, og svo skipshöfnin, að kynna sér ákvæði reglugerðar þessarar, sem liggur til sýnis á hafnar-skrifstofunni. Þar geta skipstjórar á skipum þeim, er til hafnar koma, fengið hæfilega mörg eintök af reglugerðinni. Eintak af reglugerðinni á að vera í hverju skipi, meðan það liggur í höfninni.

39. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 100 000.00, nema þyngri refsing liggí við samkvæmt almennum lögum.

Sektirnar renna í hafnarsjóð Akureyrar.

40. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 48 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Akureyrarkaupstað, nr. 42/1964, með síðari breytingum.

Samgönguráðuneytið, 5. marz 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Kristinn Gunnarsson.

G J A L D S K R Á

fyrir Hafnarsjóð Akureyrar.

I. KAFLI**UM HAFNARGJÖLD Á AKUREYRI****1. gr.**

Við útreikning hafnargjalda af skipum skal alltaf talið í heilum rúmlestum, en sleppa brotum. Rúmlestatala skips reiknast eins og hún (samkv. mælibréfi) mest verður, meðan skipið er í höfn. Um erlend skip fer samkv. „International Gross Tonnage“ mælingu.

2. gr.

Öll skip skulu greiða hafnargjöld til hafnarsjóðs, er þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar.

Öll gjöld til hafnarinnar greiðast af brúttóstærð skipanna eins og hún er mest, meðan skipið hefur viðvöl í höfninni. Undanþegin lesta- og bryggjugjald eru herskip, íslensk vitaskip og varðskip, en skemmtiferðaskip greiði aðeins bryggjugjald, ef þau leggjast að bryggju.

3. gr.**Lestagjald.**

- a. Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmllestir skulu greiða lestagjald, kr. 3.00 á brúttórúmllest.
- b. Strandferðaskip greiði kr. 1.50 á brúttórúmllest.
- c. Fiskiskip undir 400 brúttórúmllestum greiði kr. 3.00 á brúttórúmllest, þó ekki oftast en tvisvar í mánuði.
- d. Heimabátar, minni en 10 brúttórúmllestir, greiði lesta- og bryggjugjald einu sinni á ári, kr. 200.00 af hverri brúttórúmllest. Lágmarksgjald skal vera kr. 1 000.00.

4. gr.**Bryggjugjöld.**

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 1.50 á brúttórúmllest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip og flóabátar skráðir á Akureyri, greiði gjald þetta eigi fyrir meir en 10 sólarhringa á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiði ekkert bryggjugjald. Lágmarksbryggjugjald sé kr. 100.00.

Hafnsögugjald.**5. gr.**

Hvert það skip, sem fær hafnsögumann til leiðsögu inn á höfnina eða frá henni, um höfnina eða milli hafnarmannvirkja, skal greiða hafnsögugjald.

6. gr.

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarndi gjaldskrá:

- a. Fyrir leiðsögn til hafnarinnar, að bólvirki eða lægi, kr. 600.00 fyrir hvert skip, auk kr. 1.50 fyrir hverja brúttórúmllest. Fyrir leiðsögn frá bólvirki eða lægi og úr höfninni greiðist sama gjald.
- b. Fyrir leiðsögn um höfnina skal greiða hálf gjald samkvæmt lið a.
- c. Auk þess skal hvert skip, sem fær hafnsögumann, greiða kr. 100.00 í hafnsögu-sjóð.

Vörugjald.**7. gr.**

Vörugjald skal greiða af öllum vörum, svo og skepnum lifandi eða dauðum, sem fluttar eru af skipsfjöllum á land eða úr landi á skipsfjöllum, eða úr einu skipi í annað á höfninni, með undantekningum þeim, er síðar getur.

8. gr.

Ef vörur, sem samkvæmt farmskrá skips eiga að fara til annarra hafna en Akureyrar, eru látnar á land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald, þegar vörurnar eru fluttar í land.

Undanþegnar þessu gjaldi eru vörur, sem látnar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.

Ekkert vörugjald greiðist af vörum fluttum að og frá Akureyri með pósthátnum Drang, frá og að höfnum á Norðurlandi.

9. gr.

Af vörum, sem fluttar eru á skip og fara eiga til annarra hafna innanlands, greiðist hálfvörugjald.

Heimilt er hafnarstjórn að veita magnafslátt allt að 40%. Semja skal um slíkan afslátt hverju sinni.

10. gr.

Þessar vörur eru algerlega undanþegnar vörugjaldi:

- a. Innlend nýmjólk, sem flyzt til hafnarinnar.
- b. Umbúðir, sem endursendar eru.
- c. Kol, olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar.
- d. Bréfaþóstur og farangur ferðamanna.

VÖRUGJALDSKRÁ

11. gr.

Brottfluttar og aðfluttar vörur.

1. fl.: Gjald kr. 70.00/tonn:

- a. Vara flutt í lausu máli, t. d. benzín, brennsluolíur, kol, salt, steinefni.
- b. Þungavarningur, sekkjavörur, óunnið járn og stál til iðnaðar eða mannvirkja-gerðar, hráefni til iðnaðar, útgerðarvörur, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir og iðnaðarvörur til útflutnings.

2. fl.: Gjald kr. 150.00/tonn:

Iðnaðar- og byggingavörur, unnar og hálfunnar, pökkuð og niðursoðin matvæli, ávextir, vefnaðarvörur, fatnaður.

3. fl.: Gjald kr. 400.00/tonn:

- a. Vélar og tæki hvers konar og varahlutir til þeirra, heimilisvélar og skrifstofuvélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki, húsgögn. Útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur alls konar, vín, tóbak, ilmvötn, snyrtivörur.

Af flutningi vinnutækja innanlands, skal veita allt að 50% afslátt.

- b. Vörur, sem ekki verða flokkaðar annars staðar, eftir þyngd.

4. fl.: Gjald kr. 40.00/rúmmeter:

Timbur og annað eftir rúmmáli.

Lágmarksgjald í öllum flokkum er kr. 20.00.

5. fl.: Gjald 1%.

Sjávarafli, lagður á land á hafnarsvæðinu, til vinnslu eða brottflutnings. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans. Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t. d. afrít af aflaskýrslu til Fiskifélags Íslands. Aflagjald fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs, þótt hann vanræki innheimtu þess.

Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega. Á tímabilinu frá og með 1. janúar 1973 til og með 31. desember 1973 innheimtist þó aðeins hálfvörugjald.

ÝMIS GJÖLD TIL HAFNARINNAR

12. gr.

Fyrir geymslu á vörum í húsum og á lóðum hafnarinnar um stundarsakir skal greiða gjald, sem hafnarstjóri ákveður.

13. gr.

Fyrir lóðir og land hafnarinnar, geymsluhús og verbúðir, sem leigt er einstök- um mönnum eða félögum um lengri tíma, skal greiða leigugjald, sem ákveðið verður með samningi.

14. gr.

Fyrir notkun á hafnsögubát hafnarinnar, krönnum og öðrum tækjum hennar, svo og fyrir móttöku skipa, bindingu og losun og aðra útselda vinnu, símaafnot og raf- magn skal greiða gjald, er hafnarstjóri ákveður.

II. KAFLI

UM INNHEIMTU OG GREIÐSLU HAFNARGJALDA

15. gr.

Hafnarstjóri sér um innheimtu allra hafnargjalda, og skal greiða gjöldin í skrif- stofu hafnarinnar.

16. gr.

Skipstjóri og eigandi skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra, sem greiða ber til hafnarinnar vegna skipsins. Er skipstjóra skylt að afhenda hafnarstjóra þjóð- ernis- og skrásetningarskrírteini skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess, og hefur hafn- arsjóður haldsrétt yfir skipinu, unz gjöldin eru greidd. Töf og tjón, sem af þessu hlýzt, er einvörðungu á ábyrgð og kostnað greiðanda skipagjaldsins.

Að svo miklu leyti, sem í reglugerð þessari eru ekki ákveðnir fastir gjalddagar á gjöldum, skal greiða þau, áður en skip fer burt úr höfninni, og enginn skipstjóri getur vænt þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá bæjarfógeta, nema hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra, að hann hafi greitt öll gjöld sín til hafnarinnar.

17. gr.

Vörugjald og leigu fyrir lóðir og geymsluhús hafnarinnar, samkvæmt 12. gr., greiðir móttakandi af vörum, sem koma til hafnarinnar, og sendandi af vörum, sem fluttar eru úr höfninni. Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarsjóði skil á greiðslunni. Ef skip hefur ekki farm sinn skráð- an, ber skipstjóri ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað greiðir sá vörugjald, sem affermir.

Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, ber að greiða þegar skinið, sem vörurnar flytur, er komið í höfnina, og vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr höfn- inni, skal greiða, þegar vörurnar eru komnar á skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar, unz gjaldið er greitt.

Hafnarsjóður hefur og haldsrétt á vörum, til tryggingar gjaldinu, unz gjaldið er greitt. Skemmdir á varningi eða annað tjón, sem af því hlýzt, að haldsréttar- ákvæði þessu sé beitt, er einvörðungu á ábyrgð og kostnað greiðanda vörugjalds- ins.

18. gr.

Leigu af lóðum og húsum hafnarinnar, samkv. 13. gr., greiðir leigutaki, og gjald fyrir að nota áhöld og tæki hafnarinnar og aðra veitta þjónustu, samkv. 14. gr., greiðir aðnjótandi.

19. gr.

Leyfisgjöld fyrir bryggjur og önnur mannvirki, sem gerð eru á hafnarsvæðinu, skulu renna í hafnarsjóð.

20. gr.

Öll gjöld samkvæmt þessari reglugerð má taka lögtaki, og hafa þau forgangsrétt, sem önnur opinber gjöld, sbr. 83. gr. b., tölulið 3, skiptalaganna. Auk þess eru skipagjöldin tryggð með lögveði í skipinu, og gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðskuldum.

Skipagjöld teljast í reglugerð þessari öll þau gjöld, sem skipi ber að greiða til hafnarinnar, svo sem lestagjald, bryggjugjald, vatnsgjald, hafnsögugjald, fjörugjald, gjald fyrir hafnsögubáta og önnur tæki og aðra aðstoð, sem framkvæmt er af hafnarinnar hálfu fyrir skipið.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 48 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 5. marz 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Kristinn Gunnarsson.

12. febrúar 1973.

Nr. 50.

SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélag Laxdæla.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Laxdæla. Heimili þess er að Þrándargili, Laxárdalshreppi, Dal., varnarþing á þingstað hreppsins.

2. gr.

Markmið félagsins er: Ræktun Laxár með laxaklaki og fiskeldi og öðrum þeim umbótum, sem henta á hverjum tíma, t. d. gerð fiskvega, fjölgun veiðifljóta, vatnsmiðlun, vegalagningu að veiðistöðum o. fl. Að gera leigusamning fyrir Laxá eða annast rekstur hennar.

3. gr.

Félagið hefur umráð yfir rétti til lax- og silungsveiði á göngufiski á vatnssvæði Laxár. Félagssvæðið eru eftirtaldar jarðir: Fjósar, Hrappsstaðir, Hjarðarholt, Spágilsstaðir, Goddastaðir, Lambastaðir, Gillastaðir I—II, Sámstaðir I, II, III, Hamrar, Svalhöfði, Sólheimar I—II, Pálssel, Dönustaðir og Lambeyrar, Gröf, Svarf-hóll og Engihlíð, Þrándargil, Leiðólfsstaðir, Hornsstaðir, Höskuldsstaðir, Sauðhús, Saurar, Ás. Alls 28 jarðir.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa fimm menn, formaður, varaformaður og þrjú meðstjórnendur, skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn, fyrst gengur einn úr, eftir hlutkesti, síðan tveir og tveir, síðan helzt sama röð.

Stjórnin kýs formann og varaformann árlega að loknum aðalfundi.